

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldi Austfjarða hf. Berufjörður



Dags eftirlits	19.9.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Fiskeldi Austfjarða hf.	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Nesbala 122	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5204120930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Ólöf Rún Stefánsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Sara Atladóttir og Tanja Tómasdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í eftirlitinu: 1) Fullnægjandi umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) var skilað 2. maí sl. sem er eftir að frestur til þess rann út. 2) Geymsla efna á lager rekstraraðila er ófullnægjandi. 3) Öryggisblöð eru ekki til staðar í efnageymslu.

Fjórar ábendingar voru gerðar: 1) Allir útreikningr vegna útstreymisbókhalds skulu fylgja með skilum til Umhverfisstofnunar. 2) Endurskoðuðum umhverfismarkmiðum skal skila til eftirlitsaðila á a.m.k. fjögurra ára fresti. 3) Senda skal Umhverfisstofnun endurskoðaða vöktunaráætlun til samþykktar. 4) Öryggisblöð skulu vera tiltæk þar sem efni eru annað hvort geymd eða notuð.

Engin eldri frávík voru opin þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Fiskeldis Austfjarða í Berufirði.

Fiskeldisstöð Fiskeldis Austfjarða í Berufirði er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 19. mars 2019, breytt þann 12. ágúst 2021 og gildir til 19. mars 2035.

Starfsleyfið tekur til framleiðslu á 9.800 tonnum af laxi frjóum eða ófrjóum (að hámarki 7.500 tonn af frjóum laxi). Hámark lífmassa á hverjum tíma er 9.800 tonn í Berufirði. Enginn ófrjór lax er framleiddur og er hámark lífmassa á hverjum tíma því 7.500 tonn.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi
- Verklag við samskipti starfsleyfishafa og eftirlitsaðila
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynningar á fylgiskjölum
- Önnur mál
- Skoðunarferð (var farin þann 28. september).

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

A) Eitt frávík kom fram í eftirliti árið 2022. Því var lokað áður en kom að eftirliti ársins 2023.

B) Tvær ábendingar voru gerðar í eftirliti ársins 2022. Annars vegar varðandi upplýsingar í vöktunaráætlun og hins vegar að öryggisblöð voru ekki til staðar í efnageymslu.

2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi

A) Ársyfirliti var skilað þann 26. apríl. Þann 29. apríl sl. Engar athugasemdir eru gerðar við skilin.

B) Grænu bókhaldi án undirskrifa var skilað þann 30. apríl sl. Fullnægjandi bókhaldi var skilað þann 2. maí sl. sem er eftir að frestur til þess rann út.

C) Ústreymisbókhaldi var skilað þann 30. apríl sl. Samkvæmt útreikningum rekstraraðila var losun á fosfór árið 2022, 7,9 kg/tonn af framleiddum fiski, sem er innan heimildar í starfsleyfi. Rekstraraðila er bent á að láta alla útreikninga fylgja svo hægt sé að staðfesta þá.

D) Tilkynnt var um útsetningu seiða þann 29. júní sl. Útsetningaráætlun, sem gerði ráð fyrir útsetningum frá 19. júlí til 23. september, engin markverð frávík urðu frá áætluninni.

E) Umhverfismarkmið skal skv. starfsleyfi endurskoða á fjögurra ára fresti. Rekstraraðili hefur endurskoðað umhverfismarkmiðin árlega og er bent á að senda eftirlitsaðila endurskoðuð markmið á a.m.k. fjögurra ára fresti.

F) Samkvæmt vöktunaráætlun rekstraraðila á að endurskoða hana árlega. Rekstraraðila er bent á að senda Umhverfisstofnun endurskoðaða vöktunaráætlun til samþykktar.

G) Rekstraraðili er með gilda tryggingu vegna bráðamengunar. Vátryggingaskírteini því til staðfestingar var sent eftirlitsaðila að eftirlitinu loknu.

3. Verklag við samskipti starfsleyfishafa og eftirlitsaðila

Rætt var að öll gögn sem rekstraraðila ber að skila skv. starfsleyfi, skulu koma frá honum en ekki þjónustuaðila hans. Hið sama gildir um önnur samskipti, þ.e. að rekstraraðili skal senda fyrirspurnir og upplýsingar til eftirlitsaðila en ekki láta þjónustuaðila sinn um slíkt. Eins mun Umhverfisstofnun hafa samband við rekstraraðila, til að koma upplýsingum á framfæri, en ekki þjónustuaðila hans.

4. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Í eftirlitinu var rætt um að endurskoðun er í gangi á áhættumati til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða. Niðurstöður matsins verða kynntar þegar þær liggja fyrir.

5. Kynningar á fylgiskjölum

Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg, kynning á nýrri gjaldskrá UST og kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits, sem fylgdu fundarboðinu, voru ræddar.

6. Önnur mál

Engin önnur mál voru bókuð.

7. Skoðunarferð

Siglt var að kvíum rekstraraðila. Ellefu kvíar eru í notkun á Svarthamarsvík og tíu á Glímeysi. Útsetning í kvíarnar var í sumar og haust og lauk henni skömmu fyrir eftirlitið. Engin efni, fyrir utan maurasýru sem blandað er í meltuna og olíur, eru notuð eða geymd á fóðurprömmunum. Geymsla efnanna er fullnægjandi en öryggisblöð voru ekki til staðar, hvorki á Svarthamarsvík né Glímeysi. Rekstraraðila er bent á að öryggisblöð skulu vera til staðar þar sem efni eru annað hvort notuð eða geymd. Í gömlu bræðslunni á Djúpavogi er efnalager rekstraraðila. Lekavarnir þar eru ófullnægjandi og öryggisblöð voru ekki til staðar. Rekstraraðili skal geyma efni í lekabyttum eða á annan hátt sjá til þess að ekki sé hætt á að efni berist út í umhverfið.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 4.3 í starfsleyfi	Umhverfisupplýsingum var ekki skilað á tilskildum tíma.
gr. 3.13 í starfsleyfi	Geymsla efna á lager rekstraraðila er ófullnægjandi. Efni skal geyma á þann hátt að ekki sé hætt á að þau berist út í umhverfið.
gr. 3.13 í starfsleyfi	Öryggisblöð voru ekki til staðar í efnageymslu.

ÁBENDINGAR


Fjórar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

- 1) Allir útreikningar vegna útstreymisbókhalds skulu fylgja með skilum til Umhverfisstofnunar til að unnt sé að sannreyna þá.
- 2) Endurskoðuðum umhverfismarkmiðum skal skila til eftirlitsaðila á a.m.k. fjögurra ára fresti. 3) Í hvert sinn sem vöktunaráætlun er endurskoðuð skal senda hana til Umhverfisstofnunar til samþykktar. 4) Öryggisblöð skulu vera tiltæk þar sem efni eru annað hvort geymd eða notuð.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 26.10.2023



Freyr Evarsson